



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

30. október 2020

Mál nr. E-1776/2020:
Stefnandi: Guðmundur Ásgeirsson
(*Þórður Heimir Sveinsson lögmaður*)

Stefndi: Íslenska ríkið
(*Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. október 2020 í máli nr. E-1776/2020:

Guðmundur Ásgeirsson

(Þórður Heimir Sveinsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Fanneý Rós Þorsteinsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 6. október sl., var höfðað 4. mars sl.

Stefnandi er Guðmundur Ásgeirsson, [...]í Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 1.904.121 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. október 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt VI. kafla laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 1.055.432 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. október 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt VI. kafla laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

I

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins vegna tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna rangrar innleiðingar stefnda á tilskipun 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, eins og þeirri tilskipun var breytt með tilskipun 90/88/EBE.

Málsatvik eru ágreiningslaus. Forsaga málsins er sú að 21. júlí 2006 gaf stefnandi út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. í tengslum við lántöku hjá bankanum. Í 1. tölulið skuldabréfsins kom fram að um væri að ræða lán sem bundið væri vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Þegar leið á lánstímann kom í ljós að stefnandi gat ekki greitt afborganir af láninu. Leiddi þetta til þess að bankinn krafðist fjárnáms vegna kröfunnar 28. janúar 2015. Ekki varð af því fjárnámi. Þess í stað fóru fram samningaviðræður milli stefnanda og bankans. Stefnandi bauð bankanum uppgjör í samræmi við útreikninga stefnanda. Því boði var hafnað og krafðist bankinn

fjárnáms hjá föðust stefnanda, sem var ábyrgðarmaður vegna skuldarinnar. Ekki varð af fjárnáminu þar sem faðir stefnanda greiddi bankanum kröfuna 7. október 2015 með millifærslu að fjárhæð 2.814.756 krónur. Samdægurs var gefin út kvittun fyrir fullnaðargreiðslu á kröfu bankans. Hinn 17. september 2019 fékk stefnandi framselda kröfu föður síns um endurgreiðslu úr hendi bankans vegna þeirrar fjárhæðar sem greidd hafði verið 7. október 2015.

Með bréfi, dags. 7. október 2019, bar stefnandi ágreining sinn við Landsbankann hf. undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Byggði stefnandi á því fyrir nefndinni að skilmálar við lántöku hjá forvera Landsbankans hf. hefðu verið ólögmatir. Með úrskurði 26. febrúar 2020 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hafna bæri kröfum stefnanda á hendur bankanum.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir annars vegar á því að við gerð EES-samningsins og innleiðingu réttarreglna á grundvelli hans hafi þess ekki verið nægilega gætt að breyta íslenskum lögum til samræmis við tilskipun 87/102/EBE. Hins vegar byggir stefnandi á því að ekki hafi verið nægilega gætt að því að skýra þau lagaákvæði sem sett voru „í því skyni“ og fylgja þeim eftir í framkvæmd. Við málflutning áréttaði lögmaðurinn að hér væri átt við skuldbindingar stefnda tengdar löggjafarvaldi og/eða framkvæmdarvaldi en ekki dómsvaldi. Hvort tveggja hafi stefnda verið skylt að lögum, enda sé tilskipun þessi hluti af EES-samningnum. Þessi vanræksla af hálfu löggjafans og/eða framkvæmdarvaldsins hafi leitt til þess að stefnandi hafi ekki notið þess réttar sem tilskipunin veitti almennum neytendum í tengslum við lántöku sína.

Í þessum efnum byggir stefnandi bæði á almennu skaðabótareglunni og öðrum meginreglum íslenskra laga, þar á meðal ákvæðum 2. og 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, þess efnis að EES-samningurinn hafi lagagildi hér á landi og að skýra skuli lög og reglur að svo miklu leyti sem við á til samræmis við hann og þær reglur sem á honum byggja. Þá sé vísað til þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán. Einnig sé vísað til skaðabótareglu EES-réttar sem Hæstiréttur hafi viðurkennt að eigi sér samsvörun í íslenskum rétti. Í málinu séu uppfyllt þau þrjú skilyrði sem áskilin séu fyrir bótaskyldu ríkisins, þ.e. í fyrsta lagi að reglan sem brotin hafi verið skapi réttindi til handa einstaklingum og beri með sér hver þau séu, í öðru lagi að umrætt brot á skuldbindingum ríkisins sé nægilega alvarlegt og í þriðja lagi að beint orsakasamband sé milli brotsins og þess tjóns sem tjónþoli hafi orðið fyrir.

Hvað hið fyrirliggjandi mál varði sé í fyrsta lagi ljóst að tilskipun 87/102/EBE um neytendalán og lágmarksvernd þeirra vegna beri greinilega með sér hvaða rétt einstaklingar á borð við stefnanda hafi átt til upplýsinga frá lánveitendum til að geta

tekið skynsama og upplýsta ákvörðun um töku verðtryggðra lána og til að bera saman mismunandi lánstilboð. Þetta hafi legið fyrir við setningu laga nr. 121/1994 og verið ástæða þess að orðið „verðlag“ var notað í 1. mgr. 12. gr. þeirra ásamt öðru sem svaraði til ákvæða tilskipunarinnar, þ.e. í ljósi þess hversu algeng verðtryggð lán hafi verið hér á landi. Lánveitandi stefnanda hafi með réttu átt að leggja fram raunhæfa mynd af heildarlántökukostnaði í greiðsluáætlun sem tæki mið af öllum þekktum staðreyndum á þeim tíma, svo stefnandi gæti metið greiðslubyrði af láninu. Það hafi ekki verið gert, auk þess sem greiðslubyrðin hafi í reynd orðið þyngri en stefnandi hafi vonast til en verðbætur hafi að endingu jafngilt a.m.k. 40% af kostnaði lánsins. Þannig sé ótvírætt að fyrsta skilyrðinu sé fullnægt í málinu miðað við ákvæði tilskipunarinnar og með vísan til dóms Hæstaréttar frá 26. nóvember 2015 í máli nr. 243/2015.

Í öðru lagi sé ljóst að þau réttindi sem um ræði í málinu og tengdist tilskipun 87/102/EBE séu afar mikilvæg, bæði gagnvart neytendum hérlendis almennt og stefnanda sérstaklega, og að brot gegn þeim réttindum séu mjög alvarlegs eðlis þegar af þeim sökum. Tilskipunin og íslenska löggjöfin hafi átt að veita neytendum lágmarksvernd gegn sér öflugri aðilum, og af því hafi leitt að stuðla hafi þurft að því að þau yrðu ekki túlkuð neytendum í óhag í neinni framkvæmd, sbr. 24. gr. laganna. Verðbætur séu annar undirstöðupáttur kostnaðar af verðtryggðum lánnum við hlið venjulegra vaxta. Því sé fráleitt að bjóða slík lán án kynningar á kostnaði þeirra í formi verðbóta með sama móti og áskilið er um annan kostnað, bæði í tilskipuninni og lögnum sjálfum. Bersýnilegt hafi verið þegar lög nr. 121/1994 voru sett hvaða hætta gæti fylgt þessum vanda og mistökum í sambandi við hann, og hið sama hafi ekki síður átt við þegar mál nr. 243/2015 og nr. 160/2015 hafi verið til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Þá bendi stefnandi á að reglur 5. gr. og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr., þágildandi laga nr. 121/1994 hafi verið ófrávíkjanleg ákvæði þar sem skylt hafi verið að veita þær upplýsingar sem fram hafi komið í 9 tölulíðum og þar með um heildarlántökukostnað þar sem verðbætur hafi átt að falla undir, sbr. fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 243/2015.

Þegar deilt sé um hvort meint brot sé nægjanlega alvarlegt við beitingu bótareglu EES-réttar sé því að jafnaði lýst svo í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins að landsdómstóllinn þurfi að meta hvort aðildarríkið hafi litið fram hjá þeim takmörkunum sem valdheimildum þess eða svigrúmi til mats séu settar með bersýnilegum og alvarlegum hætti. Við mat á alvarleikanum þurfi dómstóllinn að líta til alls sem helst einkenni aðstæður varðandi brotið, þar á meðal þess hversu skýr og nákvæm reglan sé og hvaða svigrúm sé þar eftirlátið innlendum stjórnvöldum, svo og því hvort brotið og tjón af þess völdum hafi orðið af ásetningi eða fyrir misgáning, og

hvort lögvilla eða misskilningur um efni reglunnar séu afsakanleg. Einnig sé aðgætaandi hvort stofnanir Evrópusambandsins hafi tekið afstöðu til málefnisins.

Við heimfærslu framangreindra viðmiða til hins fyrirbyggjandi máls sé ekkert sem mæli gegn því að annað skilyrðið fyrir bótaábyrgð ríkisins sé talið uppfyllt að því er varðar álitamál um innleiðingu og framkvæmd á ákvæðum tilskipunar 87/102/EBE. Engu svigrúmi til mats í þá átt að veikja stöðu neytenda hafi verið til að dreifa og ekkert tilefni hafi verið til misskilnings um viðfangsefni 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 þannig að afsakanlegt væri. Með vísan til lögskýringargagna megi vera að einhver misgáningur hafi komið til við endanlegan frágang hennar eða tengdra greina laganna, en augljóst sé að úr honum hafi mátt bæta með aðgerðum stjórnvalda á gildistíma þeirra.

Þar fyrir utan hafi brotið verið nægilega alvarlegt þar sem samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laganna hafi átt að koma fram þær viðamiklu upplýsingar um verðbætur eins og þær hafi legið fyrir við gerð lánsammans til stefnanda. Jafnframt hafi verið alvarlegt að greiðslubyrði stefnanda sem tekið hafi verðtryggt lán hafi verið marklaus þar sem stefnandi hafi í raun haft takmarkaða hugmynd um hvaða áhrif verðbólga og verðbætur gætu haft á lán hans. Greiðslumat og greiðsluáætlun hafi því verið ómarktæk sem leitt hafi til þess að erfitt hafi verið fyrir stefnanda að sjá fyrir sér stórauðna greiðslubyrði þess og hafi hann sótt um greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Í sömu stöðu hafi þúsundir neytenda lent sem rekja megi meðal annars til þessa atriðis. Teljist brotið því nægjanlega alvarlegt.

Í þriðja lagi sé ljóst að beint orsakasamband hafi verið á milli þess að brotið hafi verið gegn réttindum stefnanda sem almenns neytanda með vanrækslu og/eða mistökum af hálfu löggjafans og handhafa framkvæmdarvalds og þess tjóns sem hann telji sig hafa orðið fyrir með rangri og ólögumatri upplýsingagjöf við lántöku sína. Hefði stefnandi vitað hversu há greiðslubyrðin yrði af láninu með verðbótunum þá hefði hann ekki tekið það og í stað þess getað tekið lán án verðbóta, þ.e. borið saman mismunandi lánstilboð sem í reynd hafi verið tilgangurinn með lágmarksverndinni fyrir neytendur, og því ekki þurft að greiða verðbætur.

Orsakasambandið leiði meðal annars af þeim ákvæðum 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994, að ef einhver þáttur kostnaðar af neytendaláni sé ekki tilgreindur með eðlilegum hætti í þeirri greiðsluáætlun eða útreikningi árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sem skylt hafi verið að leggja fram við lántökuna, þá sé eigi heimilt að krefja neytandann um greiðslu hans. Meðal þessara kostnaðarþátta séu verðbætur vegna verðtryggingar, sem hafi átt að fylgja láni stefnanda en alls ekki verið taldar með í útreikningi kostnaðar lánsins sem lagður hafi verið fyrir hann í greiðsluáætlun. Stefnandi hafi því verið krafinn ólöglega um verðbætur sem hann hafi nú greitt að fullu með þeirri fjárhæð sem bankinn krafðist hverju sinni. Það sé samtala þessara

fjárhæða verðbóta sem sé uppistaðan í tjóni stefnanda. Því sé beint orsakasamband á milli brotsins og tjónsins sem bóta sé krafist fyrir, bæði í aðal- og varakröfu stefnanda.

Hefðu reglur EES-réttar verið réttilega innleiddar þá hefði stefnandi átt rétt á leiðréttingu eða bótum vegna þess kostnaðar sem bankanum hefði verið óheimilt að innheimta. Þar sem Hæstiréttur hafi aftur á móti talið að lögin hafi heimilað slíka framkvæmd, sem um leið feli í sér ranga innleiðingu, hafi stefnandi farið á mis við þá réttarvernd sem hann annars hefði notið vegna ófullnægjandi upplýsingagjafar um kostnaðinn þegar hann tók lánið.

Samkvæmt þessu verði öll þrjú skilyrði skaðabótaábyrgðar að teljast uppfyllt í málinu.

Stefnandi vísi til almennu sakarreglunnar og til 15. og 27. gr. laga nr. 121/1994, þar sem fram komi að brot á lögnum geti valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar og jafnframt til þeirra gildandi meginreglna um skaðabótaábyrgð aðildarríkja EES-samningsins og Evrópusamningsins sem getið hafi verið að framan um skilyrðin þrjú, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 2/1993. Um leið árétti stefnandi þá skoðun að í reynd falli umræddar meginreglur saman við þær almennu reglur innlands réttar sem á undan hafi verið vísað til, m.a. um skilyrði almennu skaðabótareglunnar um ólögmætt atferli eða ástand með rangri innleiðingu tilskipunar og að tjónið sé sennileg afleiðing af hinu ólögmæta ástandi, jafnframt því sem orsakasamband liggja fyrir, sbr. framangreint, að því sem máli skipti um kröfur stefnanda. Enn fremur skírskoti stefnandi til réttinda sinna samkvæmt ákvæðum VII. kafla stjórnarskrár Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Um lagarök kveðst stefnandi meðal annars vísa til eldri laga nr. 121/1994. Þá sé vísað til 3. mgr. 21. gr. gílandi laga nr. 33/2013 um neytendalán og tilskipunar nr. 87/102/EBE um neytendalán með síðari breytingum. Einnig sé vísað til 16. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001. Þá sé vísað til almennu sakarreglunnar og 2. og 3. gr. laga nr. 2/1993.

III

Stefndi kveðst mótmæla málatilbúnaði stefnanda í heild sinni. Kröfur stefnanda séu fallnar niður fyrir fyrningu. Bæði aðal- og varakrafa stefnanda séu skaðabótakröfur. Séu þær byggðar á því að stefnda beri að bæta stefnanda tjón sem hann telji sig hafa orðið fyrir vegna rangrar innleiðingar tilskipunar nr. 87/102/EBE í landsrétt. Þessa ályktun dragi stefndi af dómi Hæstaréttar 26. nóvember 2015 í máli nr. 243/2015, sem og dómi Hæstaréttar 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 fynnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð beri á því eða hafi borið að afla sér slíkra upplýsinga. Stefndi

byggi á því að miða beri upphaf fyrningarfrests skaðabótakrafna stefnanda á hendur stefnda í síðasta lagi við 26. nóvember 2015 er stefnanda hafi mátt vera kunnugt um mögulega bótaskyldu stefnda. Kröfurnar hafi þar af leiðandi verið fyrndar fjórum árum síðar eða 26. nóvember 2019. Stefnandi hafi ekki gert reka að því gagnvart stefnda að slíta fyrningu þeirra. Ekki sé hægt að líta á bréfaskipti stefnanda við Landsbankann hf. haustið 2019 sem slit á fyrningu, enda hafi þau samskipti ekki beinst að stefnda. Hið sama gildi um kvörtun stefnanda til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki 7. október sama ár þar sem Landsbankinn hf. hafi verið varnaraðili þess máls og stefndi enga aðild átt að því. Af þessum sökum verði að sýkna stefnda.

Í öllu falli sé einig byggt á því að stefnandi eigi ekki rétt til skaðabóta úr hendi stefnda vegna rangrar innleiðingar tilskipunar nr. 87/102/EBE í íslenskan rétt. Þrjú skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt bótareglu EES-réttar vegna rangrar innleiðingar á umræddri tilskipun séu ekki fyrir hendi. Ljóst sé að öll þrjú skilyrðin þurfi að vera uppfyllt svo um bótaskyldu íslenska ríkisins sé að ræða. Svo sé ekki í tilviki stefnanda.

Ef litið yrði svo á að tilskipun 87/102/EBE hafi verið ranglega innleidd hafni stefndi því að öðru skilyrði bótaábyrgðar sé fullnægt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 92/2013 árétti Hæstiréttur að það sé almennt í verkahring landsdómstóla að leggja mat á atvik máls og skera úr um hvort skilyrðum skaðabótaábyrgðar sé fullnægt.

Tilskipun 87/102/EBE hafi verið ætlað að tryggja lágmarksvernd á sviði neytendalána. Eins og fram komi í ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli E-27/13 sé tilgangur hennar að gera neytendum mögulegt að bera saman mismunandi lánstilboð og meta umfang þeirrar skuldbindingar sem þeir takist á hendur. Talið hafi verið að það samrýmdist ekki tilskipuninni að miða við 0% verðbólgu við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef þekkt verðbólgu á lántökudegi væri ekki 0%. Við mat á því hvort hlutaðeigandi ákvæði hafi verið nægilega skýr og nákvæm þurfi að hafa í huga að í aðfararorðum neytendalánatilskipunar 2008/48/EB, sem leysti tilskipun 87/102/EBE af hólmi, hafi verið tekið fram að í tíð eldri tilskipunarinnar hafi komið í ljós að innan einstakra aðildarríkja hafi verið tekið tillit til mismunandi kostnaðarþátta við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sem torveldað hafi samanburð. Í tilskipununum hafi auk þess hvergi verið minnst á verðtryggð lán og því óljóst hvernig haga bæri útreikningnum í tilviki slíkra lána. Rökin fyrir því að horfa fram hjá verðbólgu við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í tilviki verðtryggðra lána, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994, stafi meðal annars af því að af fenginni reynslu sé erfitt að gera sér grein fyrir hver þróun verðlags sé út lánstímann. Því geti sú aðferð að miða við tiltekið verðbólgu á lántökudegi gefið mjög villandi mynd af raunvirði

skuldbindingarinnar þar sem aðferðin sé háð því hvenær lánið sé tekið en óháð því hvernig það komi til með að þróast á lánstímanum. Ef upplýsingar um væntar greiðslur lántakenda miðist við forsendu um ákveðna þróun verðlags þurfi jafnframt að miða aðrar stærðir sem skipti máli fyrir mat á greiðslugetu og greiðslubyrði við sömu forsendur þar sem gera megi ráð fyrir að til dæmis laun þróist í takt við verðlag til langs tíma. Verðtryggingin feli í sér að óvissu um raunvirði endurgreiðslanna sé eytt og fjárhæð lánsins uppfærast sjálfkrafa í takt við þróun verðbólgu. Að baki þeirri tilhögun að miða útreikning hlutfallstölunnar við 0% verðbólgu hafi því búið málefnalegar forsendur.

Í frumvarpi til nýrra laga nr. 33/2013 um neytendalán, sem ætlað hafi verið að innleiða tilskipun 2008/48/EB, hafi verið miðað við að við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar bæri að miða við að verðbólga væri 0% á lánstíma. Með því að miða við óbreytt verðlag, það er 0% verðbólgu, fáist skýrari forsendur um greiðslubyrði en að miða hana við eitthvert annað gildi. Með því að nota óbreytt verðlag séu endurgreiðslur settar fram á verðlagi þess tíma þegar lánið er tekið og ekki byggt á ónákvæmri ágiskun um framtíðarþróun þess. Þetta hafi hins vegar breyst við þinglega meðferð frumvarpsins þar sem ákveðið hafi verið að miða útreikninginn við ársverðbólgu samkvæmt 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og þá forsendu að ársverðbólga sé óbreytt til loka lánstímans, sbr. nú 3. mgr. 21. gr. og 25. gr. Þótt þingið hafi þar með tekið af skarið um að miða eigi útreikninginn við tiltekið verðbólgustig við lántöku hafi ekki falist í því nein viðurkenning á því að tilskipun 87/102/EBE hefði ranglega verið innleidd. Umrædd lagasetning kunní hins vegar að vitna til um breyttan tíðaranda og breyttar áherslur á sviði neytendaverndar í kjölfar fjármálahrunsins. Þessi aðferð við útreikning hlutfallstölunnar sé þó hvergi nærri fullkomin.

Eitt helsta markmið tilskipunar 87/102/EBE sé að leiðrétta misvægi upplýsinga milli lánveitenda og neytenda og gera hinum síðarnefndu auðveldara að bera saman mismunandi lánstilboð áður en samningur kemst á. Í tilskipuninni sé hins vegar ekki mælt fyrir um einkaréttarleg áhrif þess á skuldbindingargildi lánsamninga að ekki séu veittar tilskildar upplýsingar um heildarlántökukostnað. Rétturinn til upplýsinga um árlega hlutfallstölu kostnaðar skapi í sjálfu sér ekki einkaréttarlega fjárkröfu eða tilkall til neinna réttinda sem meta megi til fjár. Það að stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar við lántöku eins og hann telji sig hafa átt rétt á samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar þýði ekki að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Ef litið yrði svo á, gegn andmælum stefnda, að íslenska ríkið hafi í tíð laga nr. 121/1994 vanrækt með bersýnilegum og alvarlegum hætti skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum þá hafni stefndi því að þriðja skilyrði bótaábyrgðar sé fullnægt, það er að orsakasamband sé á milli þeirrar vanrækslu og þess tjóns sem

stefnandi telji sig hafa orðið fyrir. Í tilskipun 87/102/EBE séu ekki ákvæði sem mæli fyrir um áhrif þess á skuldbindingargildi láns þegar lánveitandi veiti ekki tilskildar upplýsingar um heildarlántökukostnað við sammingsgerð. Mat á þessu sé atviksbundið og er að meginstefnu til í höndum landsdómstólsins á grundvelli innlendra reglna svo framarlega sem sú vernd, sem tilskipunin veiti, teljist tryggð. Í því samhengi sé áréttað að ákvæði tilskipunarinnar, um að lánveitanda beri að upplýsa um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar, standi því ekki í vegi að aðilar semji um að vaxtagjöld og annar kostnaður taki breytingum á lánstímanum.

EFTA-dómstóllinn hafi enn fremur talið í máli nr. 27/13 að við matið yrði að hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi neytandi gæti talist almennur neytandi, sem sé ágætlega upplýstur, athugull og forsjáll. Þannig hafi því verið slegið föstu með dómi Hæstaréttar í máli nr. 243/2015 að lántakendum í því máli hefði sem almennum neytendum mátt vera ljóst að til undantekninga heyrði að vísitala neysluverðs stæði óbreytt tvo mánuði í senn. Fyrir kæmi að hún lækkaði milli mánaða en hækkaði langoftast þótt nánast væri ógerlegt að sjá fyrir hverju slíkar breytingar kynnu að nema til lengri eða skemmri tíma. Stefndi byggi á því að hinum almenna íslenska neytanda eigi að vera ljóst að vísitala neysluverðs muni hækka á lánstíma á grundvelli hlutlægra og opinberra viðmiða sem lánveitandi hafi ekki áhrif á og að þetta geti haft áhrif á verðtryggð lán. Stefnandi hafi tekið verðtryggt lán og hafi honum ekki getað dulist sem íslenskum neytanda að hann þyrfti að greiða verðbætur. Vandséð sé hvaða þýðingu sú tilhögun að sýna fram á verðbætur hefðu í raun haft fyrir stefnanda þegar hann hafi tekið afstöðu til þess hvort lánið yrði tekið. Allar líkur séu á því að stefnandi hefði tekið lánið þótt ekki hefðu verið veittar tilskildar upplýsingar um lántökukostnað.

Jafnvel þótt lítið yrði svo á að ákvæði 14. gr. laga nr. 121/1994 hefði áhrif á skuldbindingargildi sammings stefnanda, en slíkt telji stefnandi ekki koma til greina, sé ljóst að ekkert orsakasamhengi sé á milli rangrar innleiðingar og ætlaðs tjóns stefnanda. Einkaréttarlegar afleiðingar þess að ekki séu veittar tilskildar upplýsingar um lán leiði af 14. gr. laga nr. 121/1994 sem sé séríslenskt lagaákvæði. Brot gegn tilskipun 87/102/EBE eitt og sér leiði því ekki til einkaréttarlegra afleiðinga nema að því marki sem kveðið sé á um það í íslenskum lögum.

Að öllu þessu virtu sé ekki fallist á að ætlað tjón stefnanda verði rakið til rangrar innleiðingar. Skilyrði fyrir skaðabótaskyldu stefnda séu ekki fyrir hendi. Því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

IV

Stefnandi reisir málsókn sína á því að dómur Hæstaréttar frá 26. nóvember 2015 í máli nr. 243/2015 leiði í ljós að tilskipanir 87/102/EBE og 90/88/EBE hafi ekki

verið réttilega innleiddar í landsrétt. Þetta hafi valdið stefnanda tjóni. Því krefji hann íslenska ríkið um skaðabætur. Aðalkrafa og varakrafa stefnanda byggja á sömu röksemdum hvað bótagrundvöll varðar.

Með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 243/2015 fjallaði rétturinn um túlkun eldri laga nr. 121/1994 um neytendalán í máli sem tveir einstaklingar höfðu gegn Íbúðalánasjóði. Stefnandi átti ekki aðild að þeim málaferlum. Hæstiréttur sló því föstu að sjóðurinn hefði fullnægt þeirri upplýsingaskyldu sem á honum hefði hvílt samkvæmt þágildandi lögum nr. 121/1994. Þá var ekki talið, með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015, að sjóðnum hefði verið skylt samkvæmt síðastnefndum lögum að láta einstaklingunum tveimur í té við lánveitinguna sérstaka greiðsluáætlun sem gerði ráð fyrir tiltekinni hækkun vísitölu neysluverðs eða að við gerð lánsammansins hefði verið þörf á að gera ráð fyrir að verðbætur teldust til heildarlántökukostnaðar. Við úrlausn málsins var enn fremur litið til þess að tilskipun 87/102/EBE hefði ekki haft lagagildi hér á landi og gæti lögskýring með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 2/1993 ekki leitt til annarrar niðurstöðu um túlkun ákvæða laga nr. 121/1994, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 9. desember 2010 í máli nr. 79/2010. Var Íbúðalánasjóður því sýknaður af kröfu einstaklinganna tveggja.

Hvað sem líður þeim málsástæðum sem stefndi teflir efnislega fram gegn skaðabótakröfu stefnanda þá byggir stefndi kröfu sína um sýknu fyrst og fremst á því að krafa stefnanda sé fyrnd. Ágreiningslaust er að krafa stefnanda er krafa um skaðabætur utan samninga. Við málflutning lýstu lögmenn því jafnframt yfir að málsaðilar væru sammála um að krafa stefnanda, væri henni á annað borð til að dreifa, hefði orðið til 26. nóvember 2015, þ.e. þann dag sem Hæstiréttur kvað upp fyrrgreindan dóm í máli nr. 243/2015. Málsaðilar eru þar með sammála um það hvenær fyrningarfrestur tók að líða vegna þeirrar bótakröfu sem stefnandi telur sig eiga á hendur stefnda. Þegar af þessari ástæðu er ljóst að álitaefni um fyrningu kröfu stefnanda ráðast af lögum nr. 150/2007.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 fynast kröfur um skaðabætur, á borð við þá sem stefnandi hefur uppi í máli þessu, á fjórum árum frá því tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Stefnandi byggir á því að þetta ákvæði eigi við um þá kröfu sem stefnandi telji sig hafa öðlast á hendur stefnda. Þar af leiðandi hafi krafan verið fyrnd þegar mál þetta var höfðað 4. mars sl., enda hafi þá verið meira en fjögur ár liðin frá því að Hæstiréttur kvað upp fyrrgreindan dóm í máli nr. 243/2015. Stefnandi rengir ekki að almennt geti 9. gr. laganna átt við um kröfu sína en byggir á því að fyrningarfresti hafi verið slitið þegar stefnandi bar ágreiningsmál undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 7. október 2019, sbr. 16. gr. laga nr. 150/2007.

Öðrum röksemdum teflir stefnandi ekki fram gegn málsástæðu stefnda um fyrningu í málinu.

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007 segir meðal annars að fyrningu teljist slitið þegar kröfuhafi leggi málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hafi sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Í 2. mgr. 16. gr. segir að ákvæði 1. mgr. gildi jafnframt um kröfur sem lagðar séu fyrir kæru- og úrskurðarnefndir sem settar séu á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann eigi aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildi ef kæru- eða umkvörtunarnefndir hafi verið settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum eða ef skuldari samþykki að krafa sé lögð fyrir starfandi kæru- eða umkvörtunarnefnd.

Að mati dómsins verður að fallast á það með stefnda að stefnandi geti ekki talist hafa slitið fyrningu þeirrar kröfu sem hann telur sig eiga á hendur stefnda með því að bera ágreining sinn við Landsbankann hf. undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með bréfi, dags. 7. október 2019. Stefndi átti ekki aðild að umræddu ágreiningsmáli fyrir nefndinni, þar var ekki til umfjöllunar ágreiningur um kröfu stefnanda um skaðabætur úr ríkissjóði vegna rangrar innleiðingar EES-reglu og ekki verður raunar séð að það falli undir valdsvið umræddrar úrskurðarnefndar að úrskurða um slíkan ágreining. Að þessu virtu og með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 verður að líta svo á að aðalkrafa og varakrafa stefnanda, sem eru eins og áður segir reistar á sömu sömu röksemdum hvað bótagrundvöll varðar, hafi verið fyrndar þegar mál þetta var höfðað 4. mars sl., enda gerði stefnandi engan reka að því að rjúfa fyrningu gagnvart stefnda fram til þess tíma.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þórður Heimir Sveinsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 3. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Ásgeirssonar.

Málskostnaður fellur niður.